

Kæri nýnemi,

Það gleður okkur í Menntaskólanum á Akureyri að þú bætist í hóp MA-inga.

Það er mikilvægt að þú kynnir þér skólann sem vinnustað þar sem ætlast er til þess að öll gerum við okkar besta. Skólinn býður þér upp á góða menntun og ég óska þess að þú takir þátt í félagsstarfi skólans því það er afar mikilvægur liður í menntun þinni hér í MA.

Til þess að staðfesta umsóknina þarftu að greiða **47.500 kr.** Greiðsluseðill verður sendur í heimabanka ef þú hefur aðgang að slíku en annars í heimabanka foreldra. Gjaldið er byggt á eftirfarandi þáttum:

- Innritunargjald, 12.000 kr.
- Þjónustu- og efnisgjald, 14.000 kr.
- Efnisgjald í áföngunum menningar- og náttúrulæsi, samtals 10.000 kr. fyrir skólaárið. Efnisgjaldið kemur í stað bókakostnaðar í þessum áföngum og er einnig nýtt í námsferðir.
- Árgjald í Huginn, skólafélag Menntaskólans á Akureyri, 9.500 kr.
- Nemendasjóður, 1.000 kr.
- Skólasjóður, 1.000 kr.

Óskir þú eftir því að vera ekki félagi í skólafélaginu með þeim réttindum sem það veitir eða greiða í sjóðina tvo getur þú fengið gjöldin, samtals 11.500 kr., endurgreidd hjá fjármálastjóra fyrir 15. september 2023.

Gjalddagi er 3. júlí og eindagi 17. júlí og ef greiðsluseðill er ekki greiddur fyrir eindaga er litið svo á að skólavist hafi verið afþökkuð. Vinsamlegast tilkynnið þó einnig í tölvupósti á ma@ma.is ef ekki stendur til að þiggja skólavist. Reikningar eru rafrænir og birtast á island.is hjá greiðanda.

Í MA er mikil áhersla lögð á verkefnabundið og tölvustutt nám í ýmsum áföngum og því er mælt til þess að nemendur hafi tiltækar fartölvur sem geta nýst við námið undir stjórn kennara og samkvæmt [reglum skólans um tölvunotkun](#).

Nemendur fá við upphaf skóla sitt eigið MA-netfang, skjalasvæði á innri vef skólans sem byggir á Office 365 frá Microsoft og leyfi til að nota öll helstu Office-forritin á tækjum sínum. Sendur verður út upplýsingapóstur um tölvumálin um

miðjan ágúst. Sjá nánari upplýsingar á [vefsíðum](#) tölvudeildar MA og [um notkun Office 365](#) á upplýsingasíðum Microsoft.

Skólinn verður settur mánudaginn **21. ágúst kl. 09:30 á Hólum** en þar er aðalinngangurinn í skólann. Gert er ráð fyrir að skólasetningu sæki öll sem eru skráð í skólann. Forráðafólk er einnig hvatt til að mæta. Að lokinni skólasetningu er aðalfundur foreldrafélagsins, fundur með umsjónarkennurum og kynning á skólanum fyrir nýnema.

Menntaskólinn á Akureyri er bekkjaskóli með áfangakerfi, tvær annir á skólaári og námsmat í lok hvorrar annar, í desember og maí/júní.

Nýnemar geta óskað eftir einum bekkjarfélagi en sú ósk verður að vera gagnkvæm. Óskir um bekkjarfélagi skal senda á netfangið bekkir@ma.is **fyrir 1. ágúst**. Við röðun í bekki verður horft á námsbrautir, þriðja erlenda tungumál og námsþrep í stærðfræði.

Stuttu fyrir skólabyrjun verður hægt að sjá bekkjaskipan, bókalista og stundaskrá í Innu, upplýsingakerfi allra framhaldsskóla.

Nemendur sem stunda nám fjarri heimahögum og fjölskyldu geta átt rétt á **jöfnunarstyrk**. Allar upplýsingar um hann er að finna á www.lin.is.

Afgreiðsla skólans er lokuð vegna sumarleyfa frá og með 19. júní til 9. ágúst. Unnt er að koma skilaboðum til skólans í tölvupósti á netfang skólans sem er ma@ma.is en fyrirspurnum verður mögulega ekki svarað alveg strax.

Það eru mikil umskipti að koma úr grunnskóla í framhaldsskóla, þið berið ábyrgð á námi ykkar en það er okkar metnaðarmál að ykkur gangi vel. Það skiptir öllu að þið komið í skólann til þess að læra, nýtið hæfileika ykkar til góðs og leggið ykkur fram um að gera dvöl ykkar í Menntaskólanum á Akureyri gagnlega og skemmtilega.

Frekari upplýsingar um skólann og skólabyrjunina verða settar á vef skólans, www.ma.is og facebook síðu skólans eftir miðjan ágúst.

Með bestu kveðjum og ósk um velfarnað í Menntaskólanum á Akureyri.

Karl Frímansson

skólameistari